


RARIK hf
Árni Grétar Árnason
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. maí 2014
Tilvísun: UST20140500017/döh

Lagning rafstrengja við Mývatn að Haganesi

Umhverfistofnun vísar í erindi Rarik dags. 2. maí sl. þar sem er óskað er leyfi stofnunarinnar til breytingar á lagnastað að Haganesi. Fyrirhugað er að leggja strenginn frá tengikassa við Álfagerði að Haganesi. Lagt verður í botnset vatnsins en auk þess verða stuttir leggir á vatnsbakkanum hvoru megin samkvæmt teikningu.

Með erindinu fylgdu kort sem sýna legu rafstrengsins sem fyrirhugaður er auk korts af streng sem lagður var í vatnið frá Höfða að Garði árið 1999.

Umhverfisstofnun hefur leitað umsagnar Árna Einarssonar, forstöðumanns Rannsóknarmiðstöðvarinnar við Mývatn (Ramý) um erindið.

Mývatn og Laxá er vernduð með lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og skilgreint í reglugerð nr. 665/2012..

Umfang framkvæmdar

Samkvæmt erindi Rarik er um að ræða lagningu jarðstrengs um 2.800 metra leið frá tengikassa í landi Álfagerðis genget veginum í Haganes heim að bæjum í Haganesi. Strengurinn er 12 KV plaststrengur 3x25q með álleiðurum um 30 mm í þvermál. Um leið verður loftlína sem liggur meðfram Haganesvegi aflögð.

Áhrifamat

Gert er ráð fyrir að strengurinn verði lagður styðstu leið frá tengikassa að vatnsbakkanum beggja vegna. Ekki er gert ráð fyrir miklu jarðraski en búast má við tímabundnu ónæði meðan á vinnu stendur.

Í umsögn Árna Einarssonar kemur fram að fyrirhugað er að leggja strenginn í gegnum varpland og má vænta tímabundinnar truflunar á meðan strengurinn er lagður. Auk þess er varpland á Mjóubáru skammt frá fyrirhugaðri siglingarleið. Þá var einnig bent á formminjar í námunda við Haganesbæina sem rétt er að hrófla ekki við.

EKKI ER GERT RÁÐ FYRIR AÐ FRAMKVÆMDIN VALDI VARANLEGU RASKI Á VARPI FUGLA Á SVÆÐINU NÉ HELDUR NEIKVÆÐUM ÁHRIFUM Á BOTN VATNSINS.


Umhverfisstofnun veitir hér með leyfi fyrir framkvæmdinni sem fram kemur í erindum  að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Að haft verði samráð við sérfræðing Umhverfisstofnunar varðandi laghnastar að landi.
- Að þess verði gætt að halda hæfilegri fjarlægð frá landi til að lágmarka rask í varplandi fugla í samráði við sérfræðing Umhverfisstofnunar.
- Að umhverfisáhrifum verði haldið í lágmarki á meðan framkvæmdir standa yfir.
- Þeir verktakar eða aðilar er að framkvæmdunum koma verði minntir á gildi svæðisins og krafa verði gerð um góða umgengi og frágang samkvæmt leyfi þessu.
- Að tilkynnt verði Umhverfisstofnun hvenær (dagsetning) framkvæmdir byrja og einnig um leið þeim er lokið.
- Að greitt verði fyrir eftirlit, samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunnar. Innheimt verður samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar, 11.200 kr/klst. Umfang eftirlits verður ákveðið þegar tímasetning og nánara fyrirkomulág framkvæmda liggur fyrir.

Virðingarfyllst



Davíð Órvar Hansson
Sérfræðingur



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri